

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Viktoria Gísladóttir gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Pálsdóttir og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Júlía Þorvaldsóttir, Árni Stefánsson

Afboða, mæta ekki : Hörður Oddfríðarson

Fundur 28.02.2024 settur kl. 19.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. RIG var haldi í Laugardalslaug daganna 26 – 28. Janúar. Samtals voru 304 keppendur frá 35 liðum og þar af 120 erlendir gestir. Þrátt fyrir að þessi orð komi úr okkar eigin herbúðum þá er óhætt að segja að mótið hafi heppnast gríðarlega vel umgjörð með allra besta móti. Margar nýjungar voru prófaðar til að gera upplifun allra sem besta af mótinu. Samtarf við RIG nefnd ÍBR gekk mjög vel svo og samtarf við Sundfélagið Ægi. Stjórn SSÍ vill þakka öllu sem hönd lögðu á plóg við að gera þetta af einu flottasta móti okkar hingað til og rökrétt framhald af vel heppnuðu ÍM25 á síðasta ári.
- b. Framkvæmdastjóri og formaður áttu í gær fund með aðilum frá Sportabler Á fundinum var skráning félaganna og hvernig þau geta merkt við sína iðkendur. Það Passa verður að allir séu að skrá eins og sendi okkur jafnvel sín gögn í Excel. Umræðu haldið áfram m.v þessar upplýsingar og verið er að skoða samhliða uppgjöri hvernig þjónustugjöld komu út með nýja fyrirkomulaginu og hvort að markmiðum um þjónustugjöld sé náð.
- c. 4 einstaklingar munu fá einstaklingsstyrki í ár. Þetta eru þau Anton Sveinn, Snæfríður Sól, Snorri Dagur og Jóhanna Elín.
- d. Komið hefur upp erfið staða innan sunddeildar Breiðabliks þar sem tveir af aðalþjálfurum hafa hætt störfum hjá félaginu. Stjórn SSÍ átti suttan fjarfund um málið miðvikudaginn 21. feb s.l og þar var samþykkt, með hagsmuni sundfólks félagsins að leiðarljósi, að gera sammings við sunddeild Breiðabliks um að Eyleifur mundi aðstoða félagið með að ná vopnum sínum á ný fram að ÍM og koma nýju fólki inn og skapa samfellu í starfi félagsins. Tilkynning um þetta var send á hreyfinguna föstudaginn 23. febrúar.
- e. Viðræður hafa haldið áfram við ICC Media & Sport vegna nýs mótakerfis og gagnagrunns fyrir SSÍ. SSÍ í samstarfi við Breiðablik prófaði kerfið á Garpamóti Breiðabliks 23. febrúar sl. Gekk það vonum fram og reyndist mjög vel. Mikið af spennandi nýjungum sem nýtast munu öllum sem koma að starfinu. Einnig var unnið með nýtt viðmót fyrir Yfirdómara móta þar sem unnið er á rauntíma inn í gagnagrunn mótsins og skráðar þar ógildingar. Reyndist það einnig mjög vel. Lagt er til að farið verði í viðræður og kynningar fyrir félög sem eru að halda mót á næstu vikum. Einnig hafa farið fram viðræður við fyrirtækið StayLive um að koma upp streymisveitu fyrir SSÍ. Samningur um platformið kominn til SSÍ og unnið að næstu skrefum. Bæði þessi kerfi skapa tekjumöguleika fyrir SSÍ og eru í takt við þær umræður sem hafa verið og stefnu stjórnar í mótamálum.
- f. Afrekssjóður birti úthlutun sína vegna 2024 í byrjun mánaðar. SSÍ er að fá svipaða úthlutun og í fyrra þrátt fyrir að vera með staðfesta keppendur sem náð hafa lágmarki

- á Olympíuleikum. Það virðist almennt vera þungt hljóð í sérsamböndum í húsinu enda eru úthlutanir á engan hátt að ná að fylgja verðlagi frekar en aðrir styrkir frá hinu opinbera undanfarin 4 ár. Mikið traust er sett á að það starf sem Vésteinn Hafsteinsson er að vinna skili auknu fé inn í íþróttahreyfinguna.
- g. Farið var yfir drög að ársreikningi fyrir árið 2023. Útlit er fyrir að rekstur sé í jafnvægi og beðið er eftir að lokafrágangi.
 - h. 28 aðilar kláruðu 1 stig þjálfaranámskeiðs SSÍ í byrjun febrúar. 5 aðilar náðu ekki að klára en fá annan mjöggleika á því fljótlega. Það er mjög ánægjulegt hversu margir sóttu námskeiðið. Stefnt er að því að halda aftur Námskeið nr. 1 í haust, jafnframt er hafin vinna að námskeiði tvö sem er framhald af námskeiði 1.
 - i. Ákveðið hefur verið að setja nýja heimasíðu í loftið um miðjan mars. Best er að hoppa í djúpu laugina og aðlaga það sem betur má fara smátt og smátt.
 - j. Beðið er eftir að Jakob Jóhann leggi lokahönd Mannvirkjaskýrslu þannig að hægt sé að koma henni frá okkur. Jakob hyggst ljúka verkinu í kringum mánaðamótin. Það er farinn að myndast eftirspurn í hreyfingunni eftir skýrslunni.
 - k. Bréf hefur borist frá Menningar og viðskiptaráðuneyti um að sundlaugamenning Íslands verði skráð á skrá UNESCO. Júlía Þorvaldsóttir stjórnarmaður er búin að taka þetta mál áfram og tilbúin er stuðningsyfirlýsing sem á eftir að undirrita af SSÍ.
 - l. Formaður átti fund með Mladen vegna Water Polo mála. Nú eru bara tvö starfandi lið á landinu þ.e SH og Ármann. KR er ekki lengur með lið. Nokkrar hugmyndir komu upp á fundinum en lítið er um laugarpláss og tíma til að sinna þessu á olympíuári.
 - m. Dagsetning á formannafundi Stefnt að ákveðin 22. mars kl: 18.00 – 20.00 í höfuðstöðvun SSÍ.

3. Afreksmál

- a. Æfingahelgi framtíðarhóps 4-5. Maí hefur verið afslýst þar sem að Taastrup Open var fært á sömu helgi.
- b. Eyleifur fer til Chicago í næstu viku að hitta Anton og þjálfara hans.
- c. Mælingar og fræðsludagur sundfólks og þjálfara fóru fram 17. - 20. jan. Góðir fyrirlestrar voru haldnir m.a frá Lyfjæfirlitinu og Greenfit. Einnig var farið yfir verkefni framundan.
- d. Æfingabúðir á Tenerife voru frá 30.jan til 9.feb. 28 einstaklingar tóku þátt í búðunum. Fylgdarlið var Leifi, Ingibjörg, Arna Þórey, Hilmar og Númi Snær. Æfingabúðirnar heppnuðust vel og var góð stemning í hópnum.
- e. Jóhanna Elín Guðmundsdóttir keppti fyrir Íslands hönd á HM í Doha sem haldið var 11 – 18. Feb. Jóhanna keppti í 50 m flug og 50m skrið og stóð sig vel og lenti fyrir miðju í báðum greinum.
- f. Eyleifur fór yfir kynningar á afrekshópum í samstarfi við ÍSÍ og afrekssjóðs. og umræða fór fram um það. Fundarmenn hvattir til að kynna sér gögn um málið á Drop-box. Hugmyndin verður kynnt nánar á formannafundi.

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

- a. Fundargerð frá 122. fundi dómaranefndar
- b. Fundargerð frá fundi NSF samstarfsins í Aþenu

5. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
27.02.2024	Erindi frá dómara nefnd vegna erlendra verkefna	VG
20.01.2024	Úthlutun afrekssjóðs 2024	AS
02.02.2024	Úthlutun afrekssjóðs viðbót	AS
27.02.2024	Samningur við afrekssjóð vegna 2024	AS
28.02.2024	Bréf til stjórnar SSÍ vegna afreka í sjósundi	NB

6. Staðfesting meta

7. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Guðmundur Karl Karlsson	Breiðablik	ÍRB	16.02.2024	16.03.2024
Stefanía Sigurþórsdóttir	Breiðablik	ÍRB	28.02.2024	28.03.2024

8. Önnur mál:

- Formaður og ritari fóru á ráðstefnu European Aquatics í Aþenu í lok janúar þar sem endurkjörið var í stjórn EA. Núverandi formaður Antonio Silva var endurskjörinn formaður með miklum meirihluta þrátt fyrir að aðsúgur hafi verið gerður að honum í aðdraganda ráðstefnunnar.
- NSF (Norraena samstarfið) hittist daginn fyrir ráðstefnuna í Aþenu og er fundargerð þess fundar í fundargöngum stjórnar.
- Artistic swimming – Áhugasamir aðilar hafa verið í sambandi við okkur um að kynna betur Artistic swimming á landinu. Haft var samband við Fimleikasambandið vegna þessa en þau segjast vera með nóg á sinni könnu fyrir. Við verðum því miður að taka sömu afstöðu til málsins að sinni þar sem starfsfólk okkar kemst vart yfir dagleg störf.
- Formaður mun fara yfir launamál starfsmanna SSÍ og gera samanburð við önnur sérsambönd og skoða í takt við aðra launaþróun.
- Næsti fundur haldin 4. Apríl kl: 18

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 21.30